

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1993.

1. gr.

Á árinu 1993 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1992 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framferandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1992. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framferandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt, 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framferendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambylifsfolk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1992 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1993, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framferanda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1993 til þeirra framferanda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1992. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1992 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 50% af greiddum barnabótaauka á árinu 1992. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449, 15. nóvember 1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- a. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.
- b. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 2. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr.:

- a. Hundradshluti í fyrsta staflið verði: 4,65.
- b. Hundradshluti í öðrum staflið verði: 5,25.
- c. Hundradshluti í þriðja staflið verði: 3,75.

3. gr.

Reglugerð þessi, sett með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1993.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1992.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.